

Samkomulag milli Verkalýðsfélagsins Hlífar og Samtaka sjálfstæðra skóla

1. gr.

Aðilar eru sammála um að kjarasamningur Verkalýðsfélagsins Hlífar og Launanevndar sveitafélaga f.h. Hafnarfjarðarbæjar dags 17. febrúar 2006 með gildistímann 1. janúar 2006 til 30. nóvember 2008, gildi fyrir þá starfsmenn Hjallastefnunnar hjá Samtökum sjálfstæðra skóla - hér eftir skammstafað SSSK- og eru á félagssvæði Hlífar, með þeim viðaukum sem að neðan greinir.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að gr. 1.3 um röðun í launaflokka og Fylgiskjali III ásamt Bókun XI í kjarasamningi eigi ekki við um starfsmenn SSSK en í stað þess komi Fylgiskjal I með samkomulagi þessu sem segir til um röðun starfa í launaflokka, starfsheiti og stuttar starfalýsingar.

3. gr.

Aðilar eru sammála að grein 11.1.1.2 í kjarasamningi breytist þannig: Þegar starfsmaður er ráðinn ótímabundið skal uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir að loknum reynslutíma sem er eitt ár, nema um lengri uppsagnarfrest sé sérstaklega samið. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á reynslutíma skal vera einn mánuður. Eins ef starfsmaður er ráðin tímabundið. Tímabundin ráðning skal aldrei vara samfelld lengur en tvö ár. Ef atvinnurekandi vill ráða starfsmann lengur skal það gert með ótímabundnum ráðningarsamningi. Einnig falli út gr. 11.1.2.1 í samningnum.

4. gr.

SSSK greiðir 0,72% iðgjald af heildarlaunum starfsmanna í fræðslusjóð félagsins frá og með 1. janúar 2006. Enda hafi starfsmenn samtakanna jafnan rétt og starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar til styrkja úr fræðslusjóði félagsins.

5. gr.

Aðilar eru sammála um að skipa tvo fulltrúa í samstarfsnefnd og tvo til vara. Nefndinni er ætlað að vera formlegur vettvangur samningsaðila sem hefur það hlutverka að fjalla um framkvæmd kjarasamningsins og túlkun hans, leysa úr ágreiningsefnum sem upp kunna að koma og ekki leysast á vinnustað og vísað hefur verið til hennar til úrlausnar.

Hafnarfirði 9. mars 2006

F.h. Verkalýðsfélagsins Hlífar
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Helguinn Gunnarsson
Sivda Baldvinsdóttir
Þegrún Jónsdóttir
Elfa Sif Jónsdóttir

F.h. samtaka sjálfstæðra skóla
með fyrirvara um samþykki
rekstraraðila viðkomandi skóla

Magnús Einarsson
Þórunn Halldórsdóttir